

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Þórunni Sveinbjarnardóttur um sjúkraliða.

1. *Hve mörg stöðugildi sjúkraliða voru á Landspítala og Sjúkrahúsínu á Akureyri árin 2016 og 2021?*

Árið 2016 var fjöldi stöðugilda á Landspítalanum 439,5 og 34,7 á Sjúkrahúsínu á Akureyri. Árið 2021 var fjöldi stöðugilda á Landspítalanum 436,1 og 51,1 á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

2. *Hversu margir sjúkraliðar mönnuðu þessi stöðugildi?*

Árið 2016 var fjöldi sjúkraliða á Landspítalanum 790 og 67 á Sjúkrahúsínu á Akureyri. Árið 2021 var fjöldi sjúkraliða á Landspítalanum 789 og 90 á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

3. *Hve mörg stöðugildi sjúkraliða voru á heilsugæslustöðvum eftir heilbrigðisumdænum árin 2016 og 2021?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda sjúkraliða eftir heilbrigðisumdænum fyrir árin 2016 og 2021.

Sjúkraliðar	2016	2021
Stofnun	Stöðugildi	Stöðugildi
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	56,7	59,9
Einkareknar heilsugæslur	0	0
Reykjavíkurborg	70,03	66,93
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	6,75	13,06
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	31,03	28,85
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	14,8	25,1
Heilbrigðisstofnun Austurlands	8,15	12,17
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	46,6	53,5
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	9,3	12,6
Stöðugildi sjúkraliða alls	243,36	272,11

4. Hversu margir sjúkraliðar mönnuðu þessi stöðugildi?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda starfandi sjúkraliða á heilsugæslum eftir heilbrigðisumdænum:

Sjúkraliðar Stofnun	2016 Fjöldi starfsmanna	2021 Fjöldi starfsmanna
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	102	117
Einkareknar heilsugæslur	0	0
Reykjavíkurborg	117	122
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	11	20
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	45	41
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	22	34
Heilbrigðisstofnun Austurlands	15	20
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	96	96
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	21	28
Sjúkraliðar alls	429	478

5. Hefur ráðuneytið sett viðmið um mönnun sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum?

Nei, ráðuneytið hefur ekki sett viðmið um mönnun sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum.

Landsráð um menntun og mönnun var stofnað í maí 2021. Hlutverk þess er að vera ráðgefaði fyrir undirbúning ákvarðana heilbrigðisráðherra á sviði mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu, auk þess að vera samráðsvettvangur á þessu sviði þvert á menntastofnanir, fagfélög, sjúklingasamtök og aðra hagsmunaaðila.

Í heilbrigðisráðuneytinu fer einnig fram vinna við umfangsmikla mönnunargreiningu þvert á heilbrigðiskerfið sem mun hjálpa okkur við að kortleggja mönnunina í dag og þörfina til framtíðar. Mönnunarþörf sjúkraliða þarf að greina út frá fjölmörgum breytum, m.a. þarf að taka tillit til breytrrar aldurssamsetningar samfélagsins, mannfjöldaþróunar, fjölda ferðamanna, fjármagns, verkefnis hverrar stofnunar og skipulags vinnunnar.

6. Hvert er lágmarksviðmið um mönnun sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum?

Ráðuneytið hefur ekki sett lágmarksviðmið um mönnun sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum, sbr. svar við 5. tölul. fyrirspurnar.

Það er ekki einhlítt svar við því hvert rétt mönnunarviðmið er. Almennt er það skilgreint út frá starfsemi hverrar einingar eða deildar. Einingin getur verið heilsugæsla, mismunandi deildir sjúkrahúsa, hjúkrunardeildir eða hjúkrunarheimili. Það getur líka verið mikill breytileiki í umfangi starfsemi hverrar einingar. Taka þarf tillit til staðar, íbúafjölda á hverjum stað, samsetningu innbyrðis, eins og aldursdreifingu íbúa, auk sveiflna í þörf fyrir þjónustu, s.s. tengt ferðaþjónustu. Við skipulag mönnunar horfa stofnanir einnig til fjárveitinga eða fjárhilmida og aðgengis að starfsfólki. Þannig getur verið munur á skipulagi mönnunar heilbrigðisstarfsfólks eftir landsvæðum.

A hjúkrunarheimilum hefur embætti landlæknis í eftirliti sínu og úttektum tekið mið af viðmiðum sem skilgreind eru í skýrslunni *Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skilgreind*, 2. útg. 2015. Í sumum tilfellum er þar stuðst við áætlaðar umönnunarklukkustundir íbúa á sólahring. Umræða hefur verið til staðar um að þörf sé á að endurskoða þessi viðmið.

Við rekstur heilsugæslustöðva á landsbyggðinni er til viðmiðunar *Fjármögnunarlikan heilsugæslu á landsbyggðinni*, útg. 2022 (september). Almennt byggjast greiðslur til stöðvanna á fjölda skráðum á stöðina, lýðfræðilegri samsetningu og einkennum. Tekið er mið af aldri, kyni, mældri sjúkdómsbyrði, félagslegum aðstæðum einstaklinga, mældum þjónustubáttum o.s.frv. Þegar um er að ræða minnstu stöðvarnar á landsbyggðinni er greitt sérstakt smæðarálag. Við rekstur heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er til viðmiðunar *Fjármögnunarlikan heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu*, útg. 2022 (september).

Landspítalinn skilgreinir ekki lágmarksviðmið um mönnun sjúkraliða, heldur miðar við fjármögnuð stöðugildi sem lágmarksstöðugildi. Þá notar Landspítalinn hjúkrunarþyngdarflokkunarkerfið RAFAELA til að fylgjast með jafnvægi á milli hjúkrunarþarfars sjúklinga og mönnunar við hjúkrun sjúklinga. Nú er kerfið notað á 22 deildum spítalans og innleiðing stendur yfir á sjö deildum til viðbótar. Hvað snertir starfsemi rannsóknarþjónustu Landspítala er horft til skilgreindra öryggisviðmiða. Landspítalinn er einnig að hefja það verkefni að greina betur eigin viðmið mönnunar út frá sinni starfsemi.

Viðmið Sjúkrahússins á Akureyri hafa miðast við fjárhheimildir og hvernig aðengi er að starfsfólk. Sjúkrahúsið er að hefja það verkefni að greina betur eigin viðmið mönnunar og mun byggja á þeim gögnum sem sjúkrahúsið hefur, s.s. hjúkrunarþyngdarflokkunarkerfinu RAFAELA og viðmiðum um fjölda leguryðma.

Að lokum má nefna að allar stofnanirnar eru með svokallaða verkfallslista sem sendir eru til stéttarfélaga. Slíkir listar eru hugsaðir sem öryggislistar þar sem skilgreind er lágmarksmönnun til að halda starfseminni gangandi til skemmri tíma.

7. Getur ráðuneytið upplýst um meðalaldur og kynjaskiptingu í stétt sjúkraliða hér á landi?

Samkvæmt Sjúkraliðafélagi Íslands er meðalaldur í stétt sjúkraliða 48 ár. Hlutfall karla og kvenna í stétt sjúkraliða skiptist þannig að 3% eru karlar og 97% konur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um önnur kyn.

8. Hversu mörg leggja stund á nám á sjúkraliðabrautum í framhaldsskólum (206 fein.)?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda nemenda á sjúkraliðabrautum við framhaldsskóla landsins haustið 2022, alls 594 nemendur. Fjöldi nemenda kann að vera meiri þar sem hluti nemenda er að safna áföngum á fjarnámsbraut en hefur ekki skráð sig í formlegt sjúkraliðanám.

Skóli	Sjúkraliðabraut
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	91
Fjölbautaskóli Vesturlands	57
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	217
Fjölbautaskólinn við Ármúla	86
Fjölbautaskóli Suðurlands	11
Fjölbautaskóli Suðurnesja	29
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	19
Menntaskólinn á Ísafirði	19
Verkmenntaskóli Austurlands	22
Verkmenntaskólinn á Akureyri	43
Alls	594

9. Hversu mörg stunda nám á sjúkraliðabréu (145 fein.)?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda nemenda sem stunda nám á sjúkraliðabréu. Ekki allir framhaldsskólar bjóða upp á þessa námsleið. Heildarfjöldi nemenda á sjúkraliðabréu er 112.

Skóli	Sjúkraliðabréu
Fjölbraudaskóli Suðurnesja	11
Fjölbraudaskóli Suðurlands	0
Fjölbraudaskólinn í Breiðholti	39
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Ekki í boði
Fjölbraudaskóli Vesturlands	0
Verkmenntaskóli Austurlands	11
Menntaskólinn á Ísafirði	3
Fjölbraudaskólinn við Ármúla	31
Fjölbraudaskóli Norðurlands vestra	17
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	0
Alls	112